

Nd.

9. Frumvarp til laga

[9. mál]

um breyting á lögum nr. 4 2. mars 1979 um tímabundið oliugjald til fiskiskipa, og um verðuppbót á vannýttar fisktegundir sbr. bráðabirgðalög nr. 69 11. júní 1979, og bráðabirgðalög nr. 72 20. júlí 1979.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979.)

1. gr.

1. gr. laga nr. 4 2. mars 1979, sbr. bráðabirgðalög nr. 69 11. júní 1979 og bráðabirgðalög nr. 72 20. júlí 1979 orðist svo:

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki oliugjald, er nemi 9% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur afla sinn öðru skipi til löndunar í innlendri höfn.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga um útflutningsgjald nr. 5 13. febrúar 1979 sbr. lög nr. 3 2. mars 1979, skal heimilt að verja 550 milljónum króna af tekjum Tryggingasjóðs fiskiskipa og 850 milljónum króna af tekjum Aflatryggingasjóðs af útflutningsgjaldi til þess að bæta upp verð á karfa- og ufsafla á tímabilinu 15. maí til 31. desember 1979. Fjárhæð þessarar uppbótar á hvert kílógramm af framangreindum tegundum skal ákveðin innan fyrrgreindra marka af Verðlagsráði sjávarútvegsins með fiskverðsákvörðun hverju sinni. Sjávarútvegsráðuneytið setur nánari reglur um greiðslu þessarar uppbótar og skal Fiskifélag Íslands annast greiðslurnar. Uppbót á karfa- og ufsaverð skv. þessari grein skal koma til skipta og aflaverðlauna eins og annað fiskverð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og taka ákvæði 1. gr. þeirra til fiskafla og hlutaskipta á tímabilinu frá og með 1. október til 31. desember 1979 nema aðilar að kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna komi sér saman um önnur hlutaskipti.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 4 2. mars 1979 um tímabundið oliugjald til fiskiskipa, og um verðuppbót á vannýttar fisktegundir sbr. bráðabirgðalög nr. 69 11. júní 1979, og bráðabirgðalög nr. 72 20. júlí 1979.

HANDIAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Sjávarútvegsráðherra hefur tjáð oss, að þar sem Alþingi hafi verið rofið án þess að kostur væri á að fjalla þar um bráðabirgðalög nr. 69 11. júní 1979 um hækkun oliugjalds til fiskiskipa og verðuppbót á vannýttar fisk-

tegundir og bráðabirgðalög nr. 72 20. júlí 1979 um hækkun oliugjalds til fiskiskipa og heimild til ríkisábyrgðar á skuldbreytingarlánum vegna halla á innkaupajöfnunarreikningum fyrir olíu, sem biðu staðfestingar Alþingis, og falli því úr gildi við þingrofið, beri brýna nauðsyn til þess að setja að nýju bráðabirgðalög sama efnis, sem geti komið til staðfestingar á Alþingi, þegar það kemur saman. Þá sé brýn nauðsyn að lögfesta breytingu á oliugjaldi til fiskiskipa frá 1. október síðast liðnum og endurnýja og rýmka nokkuð heimild til greiðslu á verðuppbót á karfa- og ufsaafla, sem hvort tveggja hafi verið forsenda fyrir ákvörðun fiskverðs frá þeim degi.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

1. gr. laga nr. 4 2. mars 1979, sbr. bráðabirgðalög nr. 69 11. júní 1979 og bráðabirgðalög nr. 72 20. júlí 1979 orðist svo:

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki oliugjald, er nemi 9% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur afla sinn öðru skipi til löndunar í innlendri höfn.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga um útflutningsgjald nr. 5 13. febrúar 1979 sbr. lög nr. 3 2. mars 1979, skal heimilt að verja 550 milljónum króna af tekjum Tryggingasjóðs fiskiskipa og 850 milljónum króna af tekjum Aflatryggingasjóðs af útflutningsgjaldi til þess að bæta upp verð á karfa- og ufsaafla á tímabilinu 15. maí til 31. desember 1979. Fjárhæð þessarar uppbótar á hvert kílógramm af framangreindum tegundum skal ákveðin innan fyrrgreindra marka af Verðlagsráði sjávarútvegsins með fiskverðsákvörðun hverju sinni. Sjávarútvegsráðuneytið setur nánari reglur um greiðslu þessarar uppbótar og skal Fiskifélag Íslands annast greiðslurnar. Uppbót á karfa- og ufsaverð skv. þessari grein skal koma til skipta og aflaverðlauna eins og annað fiskverð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og taka ákvæði 1. gr. þeirra til fiskafla og hlutaskipta á tímabilinu frá og með 1. október til 31. desember 1979 nema aðilar að kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna komi sér saman um önnur hlutaskipti.

Gjört í Reykjavík, 16. október 1979.

Benedikt Gröndal.

Oddur Ólafsson.

Ármann Snævarr.

(L. S.)

Kjartan Jóhannsson.